



Fundur hafnar- og skipulagsnefndar

Fundur var haldinn í hafnar- og skipulagsnefnd miðvikudaginn 29. júní 2022 kl. 16:00 á skrifstofu sveitarfélagsins.

Á fundinn voru mætt Halldór Gunnar Ólafsson varaformaður, Reynir Lýðsson, Jóhann Sigurjónsson, Eva Guðbjartsdóttir, Ragnar Már Björnsson, Bragi Þór Haraldsson byggingafulltrúi og Alexandra Jóhannesdóttir sveitarstjóri. Erla María Lárusdóttir formaður boðaði forföll.

Halldór Gunnar Ólafsson varaformaður setti fundinn og stjórnaði honum, sveitarstjóri ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Skipulagsmál og framkvæmdir

a. Afgreiðslur byggingafulltrúa

Bragi Þór Haraldsson byggingafulltrúi fór yfir afgreiðslur frá síðasta fundi.

- Þann 11. apríl var gefið út byggingarleyfi fyrir aðveitustöð Rarik á Fellsmelum.
- Þann 12. maí voru samþykktar tröppur og útihurð á suðurvegg kjallara Bankastræti 3. Þá heimild fyrir því að saga niður úr glugga en það var gert til að fá gott aðgengi að kjallaraherbergi.

b. Aðalskipulag Sveitarfélagsins Skagastrandar

Tekin fyrir eftir auglýsingu tillaga að Aðalskipulagi Sveitarfélagsins Skagastrandar 2019-2035. Tillagan var auglýst með athugasemdafresti til 26. maí 2021 en engar athugasemdir bárust á auglýsingatíma. Fyrir liggja skipulagsgögn dagsett í júní 2022.

Með vísan til 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 samþykkir Hafnar- og skipulagsnefnd samhljóða tillögu að aðalskipulagi Sveitarfélagsins Skagastrandar 2019-2035 og vísar tillögunni til sveitarstjórnar til endanlegrar afgreiðslu.



c. Fuglaskoðunarhús á Spákonufellshöfða

Fyrir fundinum lá minnisblað ásamt fylgigögnum í tengslum við byggingu á Fuglaskoðunarhúsi á Spákonufellshöfða með mögulegum staðsetningum. Voru gögnin lögð fram til kynningar.

d. Umsókn um lóð að Oddagötu 3

Fyrir fundinum lá umsókn Einars Sveinssonar um lóð að Oddagötu 3 til byggingar á einbýlishúsi. Húsið er innflutt einingarhús 55-75 m² með einhalla graslögðu þaki og veggir klæddir með timbri. Áætlaður byggingartími er 2 ár og gert ráð fyrir að framkvæmdir hefjist vorið 2023. Nefndin fór yfir umsóknina. Samþykkt að úthluta lóðinni í samræmi við framlagða umsókn háð því að framkvæmdir verði hafnar innan árs frá úthlutun lóðar. Umsókn fellur niður einu ári frá úthlutun og er þá laus til umsóknar að nýju.

e. Önnur mál

Ekkert var tekið fyrir undir þessum lið.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 16:51

Hafnar og skipulagsnefnd:

Halldór G. Ólafsson, varaform.

Reynir Lýðsson

Eva Guðbjartsdóttir

Jóhann Sigurjónsson

Ragnar M. Björnsson

Starfsmenn:

Bragi Þór Haraldsson, byggingarfulltrúi

Alexandra Jóhannesdóttir, sveitarstjóri